

Bjarni Jónsson frá Vog:

Andatrú og dularöfl

Útgefandi:

Bjarni Jónsson, 1905

Útgefandi rafbókar:

Ljósgeislar ehf

1. útgáfa 2011

Vefsíða: [ljósgeislar.is](http://ljósgeislar.is)

ISBN: 978-9979-9972-6-9

Rafbókin er ókeypis.

## I.

### Háttvirtu áheyrendur!

Það bar til einhverju sinni, að hæna nokkur misti eina fjöður. Skömmu síðar fór sá kvittur um hænsabygðina, að hæna ein hefði farið að slíta af sér fjaðrir, til þess að ganga í augun á hananum. Fjaðrirnar urðu fleiri og fleiri eftir því sem sagan fór víðar. Að lokum kom sagan aftur til hænunnar, sem mist hafði fjöðrina. Þá var svo sagt, að hæna ein hefði reitt sig þar til hún var alsber, til þess að hananum litist á sig. Hænan hristi sig alla og furðaði sig á ofurmagni ósiðseminnar, en engan grun hafði hún um að þessi eina fjöður hefði orðið orsök til sögunnar (H. C. Andersen, Æventyr).

Í höfuðborg einni skamt frá norðurhjara veraldar gaus upp sá kvittur, að fáeinir menn hefðu notið djöfulsins aðstoðar til að komast í tigi við andir framliðinna. Var um þá sagt að þeir hefðist við um nætur á leiðum framliðinna uppi í kirkjugarði og vektu menn upp til viðtals. Voru margar sögusagnir af atferli þeirra og viðræðum við framliðna. Eru margar af þeim smáskrítnar og skemtilegar, en sumar svo draugalegar, að vel mættu sama firri öldum, þá er Fást lét djöfulinn flytja Helenu fögru í sæng sína, konu Menelaos Spartverjakonungs, er lifði um miðja 13. öld f. Kr., og þá er Luther sjálfur varð að grýta djöfulinn með blekkblittum, svo að hann mætti undan stíra ofsóknum hans. Hér er eigi tími til að segja sögur þessar. Hins verður að geta, að hænufjöðrin var þessi: Nokkrir menn höfðu gert sér til gamans að hafa tilraunir með borðdans; og annað ekki.

Þessi höfuðborg heitir Reykjavík.

Mér er óhætt að fullyrða það, að hver maður getur gengið óhræddur fyrir því fólki, er leikur sér að borðdansi. Það gerir engum neitt mein. En væri það hættulegt fólk, þá mundu fyrir löngu vera komnar aftur galdrabrennur sem til forna, því að nú eru langt yfir 50 ár síðan borðdans var almennur og alþektur um alla Norðurlönd.

Ég hitti sveitamann í vikunni sem leið. Hann spurði mig til vegar hér í bænum og ég gekk spölkorn með honum. Þá töluðum við um daginn og veginn og meðal annars vakti hann máls á andatrúnni: „Mikil ósköp eru að heyra um þessa níu galdramenn hérna“, sagði hann. „Þeir kve vera um nætur uppi í kirkjugarði og raska þar ró framliðinna. Það er víst dálaglegur piltur þessi Bjarni frá Vogu. Hann kve fara um nætur upp í kirkjugarð með stóra kórflu og sækja í hana andir framliðinna og vera svo að spjalla við þær fram undir morgun. Og ég hef heyrt sagt að engum sé óhætt að líta í augu honum, því að hann dáleiði alla á svipstundu“. – Honum hefði víst brugðið manningum, ef ég hefði sagt honum, hver með honum gekk. – Nú ætlast ég til að allir mínir galdrar verði áheyrðum mínum ljósir, þegar lokið er fyrirlestur mínum um þetta efni, en nú mun ég fyrst segja nokkur atriði úr sögu andatrúarinnar.

Alfred Lehmann, alkunnur sálarfræðingur í Kaupmannahöfn, hefur ritað afarlanga bók um hjátrú og galdra (Alfr. Lehmann, *Overtro og Trolddom*, Kh. 1893–1896.) Innihald þessa fyrirlesturs hef ég tekið nær eingöngu úr 3. bindi þeirrar bókar. Höfundurinn leggur lítinn trúnað á anda og má því óhætt reiða sig á að það er rétt, sem hann kannast við af þeim viðburðum, er andatrúarmenn byggja á kenningar sínar.

Aðalatriði andatrúarinnar eru þessi: Sál mannsins er ódauðleg og er henni máttugt að eiga viðskifti við jarðarbúa, þótt líkaminn sé dáinn, og valda mörgum viðburðum í efnis og andar heimi, þeim er lifandi menn mega eigi láta af sér leiða, meðan vér þekkjum eigi betur eðli efnis og sálar. Oftast þarf *miðil* milli manna og anda, ef þeir eiga að ná saman. Þarf hann að hafa sérstaka gáfu til andaskilnings, en þó hafa allir menn eitthvað af þeirri gáfu.

Þetta eru allir andatrúarmenn sammála um, lærðir og leikir. En þetta finst alt hjá fornþjóðum ævagömlum, þótt nokkuð sé með öðru móti. Sálnaflakk Egyfta minnir á þetta, er sálinnar gátu ráðist inn í lifandi menn. Homer segir svo frá, að Ódysseifur leitaði fréttu af framliðnum. Var þar önnur aðferð en nú, en verkið hið sama. En eftir því sem nær dregur vorum tímum, verða aðferðir manna í viðskiftum við andana meira við hæfi nútíðarmanna. Iamblichos heimspekingur († 330 e. Kr.) eða lærisveinn hans einhver ritaði bók, er nefnist „*de mysteriis*“ (þ. e. um leyndardóma). Sú bók sínir að menn þektu *miðla* og miðilsgáfur fyrir hér um bil 1600 árum. Höfundurinn segir að miðillinn verði að breyta andarháttum sínum, ef hann á að geta unnið vel. Hann verður að komast í *leiðslu*. Nú kalla andatrúarmenn þetta *trance* þ. e. leiðslu.

Á miðöldunum var kjarninn í þessari andatrú jafnan hinn sami. Raunar var lengi vel mikið af óþarfa lærdómsumbúðum utan um þetta hjá töframönnum miðaldanna. En síðar varð alt ljósara og í ritum frá aldamótum 17. og 18. aldar eru kendar aðferðir til þess að þróa *miðilsgáfur* manna. Eru þær allar hinar sömu sem nú eru kendar. Sá er einn munur á, að þá urðu menn að hafa æfingar sínar einir af hræðslu við kirkjuvaldið. Þurfti því lengri tíma, og dugði eigi minna en hálf tölva ár.

Þegar hér er komið sögunni verður að geta þess manns, er mest áhrif hefur haft á hjátrú nútímans. Það er Emanuel Swedenborg. Hafa áhrif hans náð alla leið til Íslands, og rit eftir hann verið þýdd á vort mál. Hann var af góðum ættum gáfaður maður og frægur af lærdómi sínum. Æfiferill hans er mjög glæsilegur hið ytra. – En honum varð það að slysi, að hann festi ungar ást á stúlku einni, en hún unni honum eigi í móti. Þó hét hún honum eiginorði, en er hann varð þess var, að foreldrar hennar höfðu neitt hana til að játast honum, þá lét hann hana lausa. En skuggi hennar hvíldi ævilangt á sál hans, eins og skáldið kemst að orði, og hann kvæntist aldrei. En þótt náttúran sé lamin með lurk, þá leitar hún út um síðir. Um nætur kváldist hann af kvennadraumum og því, er hann nefnir *naturástríðu* sína. Sýktist taugakerfi

hans af því. Biður hann nú ákaft til guðs, til þess að losast undan ráðríki þessara hugsana. Í þessum hugarkvíða fær hann fyrstu vitrun sína. Eftir það batnaði hagur hans nokkuð, en næsta ár fær hann aðra vitrun og skipar guð honum þá að gera mönnum kunna rétta skýring á andlegum hlutum og kveðst munu leggja honum orð í munn.

Upp frá þessu átti Swedenborg sífeld samtöl við anda alt til dauðadags 1772. Hann átti tal við Lúther og Melanchton auk kunningja sinna, og fræddist af þeim. Háskólakennari einn frá Åbo, Porthan að nafni, heimsótti Swedenborg og vildi ná tali hans, en þá var einhver inni hjá honum. Hann heyrði og að S. átti fjörugar samræður við einhvern þar í næsta herbergi, en ekki heyrði hann eitt einasta orð af því, sem hinn sagði. Nú lukust dyrnar upp og Swedenborg fylgdi einhverjum til dyra og kvaddi hann mjög hæversklega. En engan sá Porthan. Nú sagði Swedenborg honum að Virgill gamli hefði komið til sín og verið hinn alúðlegasti og frætt sig um marga merkilega hluti. P. Virgilius Maró hefur kveðið Æneasardrápu og fleira merkilegt. Águstus keisari var vinur hans mikill og Mæcenas og önnur stórmenni. Nú er Virgill 1975 ára. Mundi oss öllum þykja mikið til koma ef slíkir höfðingjar heimsækti oss.

Swedenborg segir dauðra manna anda lifa um stund í einskonar Meðallandi milli himins og helvítis. Fer þar fram undirbúningur undir þann staðinn, sem þeir eiga síðar að fara í. Hann segir að englunum þyki undarlegt að menn haldi að englar og djöflar hafi verið til frá upphafi. Því að bæði himnaríki og helvíti sé bygt af mönnum einum saman. – Þótt andi mannsins skilji við líkamann, hefur hann þó manns vöxt og öll hin sömu skilningarvit, og ekki veit hann að hann sé dauður. – En ef menn vilja tala við andana, verður andarfar þeirra að vera með sérstökum hætti. Sést af lýsingu Swedenborgs að sá háttur er sama sem leiðsla (Trance).

Eftir Swedenborgs daga skiftust áhangendur hans í tvent. Annar flokkurinn trúði (eins og fjöldinn gerir nú), en hinn reyndi að skýra viðskifti anda og manna með vísindum. Þaðan er runnin andafræðin á Þýskalandi (Pneumatologi). Andafræðingar þessir voru þýskir lækna og hafa þeir flutt allar sömu kenningarnar, sem andatrúarmenn flytja nú. Einn þeirra, Jung-Stilling, er sá fyrsti, sem reynir að skýra samband anda og manna með dáleiðslu. Í ritum þessa manns má finna flestar kenningar og skýringar dulspekinga nútímans.

Þar er meðal annars skýring á þeim hlut, sem andatrúarmenn nú kalla andavitránir (materialisation). Maðurinn er líkami og taugaönd og andi. Andinn er af guðdóms bergi brotinn og mundi athugunargáfa hans vera takmarkalaus, ef taugaöndin bindi hann eigi við líkamann. Þetta band losnar að mestu á dáleiddum manni. Athugunargáfan verður óháð og maðurinn verður bæði framsýnn og fjarsýnn (sér ókomna hluti og sér í gegnum holt og hæðir og huldusteina og getur jafnvel séð andana). Þegar andi lifandi manns fer úr líkamanum ásamt með taugaöndinni, þá getur hann birst öðrum á mjög fjarlægum stöðum. Sá dáleiddi getur þá

orðið tvöfaldur í roðinu. Sýnilegur verður hann með þeim hætti að andinn lætur taugaöndina sjúga efni úr því, sem er umhverfis, og verður þar af líkami. Geta því margir í einu séð hann.

Í sambandi við andafræðina verður að geta konu nokkurrar taugasjúkrar, Frederike Hauffe að nafni. Er hún nefnd spákonan frá Prevorst. Henni vitraðist það sem hér fer á eftir. „Taugaöndin sameinar sál og líkama. Hún fylgir sálinni eftir dauðann og getur eigi farist. Fyrir hennar tilstilli vefst ljósvakahjúpur um sálina. Getur hann vaxið eftir dauðann og þá er hann hefur drukkið í sig efni nokkurt úr loftinu (sbr. dalakútinn) geta millibilsandar (þ.e. andar í bráðabirgðarhimni eða bráðab. helvíti) látið menn heyra til sín. Andar geta og tekið þyngd hluta burt með taugaöndinni og flutt þá til, og menn geta þreifað á öndunum sjálfum. Þeir einir skilja taugaöndina eftir, sem verða sáluhólpnir þegar eftir dauðann. Þeir geta því eigi gengið aftur eða verkað á menn. En ósælir andar megna það best“, – Þessi kona lagði smiðshöggíð á andafræðina og hefur síðan lítið bæst við.

Kenningar þessar náðu þó engri útbreiðslu að ráði. En þá er Davis hafði rannsakað draugaganginn í Stratford og ritað þar um og borðdansinn var fundinn, þá var uppi fótur og fit.

Andrew Jackson Davis, Swedenborg Vesturheims, er fæddur 1826. Faðir hans var drykkjurútur en móðir hans mjög trúuð. Hafði hann því tekið þann arf, er honum nægði til taugaveiklu og leiðslugirni. Enda gekk hann í leiðslu og fékk vitranir á ungum aldri. Komst hann svo í hendur dáleiðara nokkurs og ágerðist nú leiðslugirnin. Fór hann um og leitaði læknisráða hjá öndunum fyrir menn (lækningamiðill), en las auk þess náttúrufræði og rit Swedenborgs. – Loks bauð guð honum að birta mönnum vitranir sínar, til að auka framtíðarsælu mannkynsins. Tók hann nú að rita bækur og varð brátt frægur maður. Fyrir því var hann tilkvaddur að segja skoðun sína um draugaganginn í Stratford.

Hér verður nú að segja frá hinum vestheimsku Hjaltastaðafjöldum í fám orðum.

Þorp eitt í Vesturheimi nefnist Hydesville. Þar bar það við einhverju sinni, að maður nokkur heyrði barið til dyra, en sá engan fyrir dyrum. Gekk svo í hrífu nokkra hríð. Nokkru síðar vaknaði stúlkubarn, sem hann átti, hljóðaði upp yfir sig og sagði, að kaldri hendi hefði verið stutt á brjóst sér. Nú leið og beið, þar til methodisti einn, Fox að nafni, var fluttur í húsið með konu sinni og þrem dætrum. Í febrúar 1848 hófst barsmiðin aftur. Börnin voru háttuð, en eitt þeirra lék sér að því að smella með fingrunum. Höggin komu á eftir með sama millibili. Þá sagði telpan: Teldu nú 1, 2, 3, 4, o. s. frv. Höggin komu eftir tölunum. Frú Fox bað að talið yrði til 10. Þá komu 10 högg. Nú spurði hún, hvort þar væri maður. Ekkert svar. Þá hvort þar væri andi og bað um 2 högg ef svo væri. – Svarið var 2 högg. Og loks hafði hún upp úr andanum að hann hefði verið mangari og búið í húsinu, en verið myrtur og grafinn í kjallaranum. Var nú leitað og fanst beinagrind niðri í kjallara. Metodistar ráku nú Fox úr söfnuðinum, því að þeir

töldu hann djöfulóðan. – Skömmu síðar fluttist hann til Roschester. Þar hófust höggin á ný, en helst heyrðu menn þau þar sem börnin voru. Var því í fyrstu hald manna að þetta væru einhverjar brellur úr börnunum. Fyrir því voru til fengnir nokkrir merkir menn að rannsaka þetta. Þeir höfðu alla varkárni, létu börnin standa berfætt á koddum og annars alslaus. Þó heyrðu þeir höggin í gólfi og veggjum. En enga orsök fundu þeir þessa. – Nú varð mönnum tíðförlut til Fox, til að heyra þessi undur og sátu menn þá að jafnaði kringum borð. Varð þetta til þess að borðhögg og borðdans uppgötvaðist og margt fleira af því, sem nú er alþekt.

Þó kvað enn meira að því, sem við bar í öðrum samlendum bæ, Stratford. Auk höggva og hreyfinga var þar kastað þungum hlutum og brotnir stórir ljósastjakar og framdar skemdir á ýmsum munum séra Phelps, sem bjó í húsi þessu. Sögunni svipar mjög til frásagnarinnar um Hjaltastaðafjandann (Ísl. Þjóðsögur), nema hvað fyndnina vantar.

Hingað var nú Davis sendur 1850 til rannsóknar. Hann komst nú raunar að því, að margt af skemdunum var af völdum 11 ára drengs, sem prestur átti, en þó ályktar Davis að hér séu andar á ferðinni. – Eftir þessa rannsókn ritar hann nú merkustu bók sína um *viðskifti við anda*. Þar segir meðal annars svo:

„Frá alda öðli hafa birst ósýnilegir andlegir kraftar, en með dularfullum og óljósum hætti... En aldrei hafa menn fyr fengið svo óslitna röð ljósra og óhrekjandi sannana þess sem á þessari öld, að til sé andar og hafi áhrif... Vegna þess, að hverri tilraun andanna til að birtast og birta köllun sína hefur verið hrundið með drepanði efa eða hjátrúarofstæki, hefur ekkert orðið úr sambandinu... En nú er sá tími kominn að þessir tveir heimar geta hitst og faðmast“.

Þetta er þó ekki mönnunum einum að kenna. Andarnir hafa verið hálfklaufalegir í tilraunum sínum. En Benjamín Franklín, þ. e. andi hans, bætti úr þessu þegar hann fann rafmagnssveiflurnar (Pantheapricipium). Davis átti sjálfur tal við Franklín anda um þetta. Franklín segir: „Þegar ég fór að rannsaka vitranir margra anda hjá ýmsum þjóðflokkum á jörðinni, þá veitti ég því eftirtekt, að jarðarbúar hafa aldrei skilið til hlítar hið mikla almenna lögmál um óvanaleg viðskifti við anda, sem fram kom endrum og eins. Ég hef því fyrir sakir óslökkvandi ástar á vísindarannsókn haldið stöðugt áfram að rannsaka Panthea- eða rafmagnslögmálið... Ég hef athugað verkanir þessa völduga eðlisafis í hinu mikla alheimstaugakerfi...“

Að lokum uppgötvar svo Franklín að með þessu afli má hreyfa hluti á jörðinni og komast svo í samband við mennina. Þó eru enn mikil missmíði á þessu og hafa mennirnir eigi enn lært til fullnustu. Auk þess tala velviljaðir andar oft eins og hver vill heyra og taka á sig postulanöfn o. fl. þ. h. – Hins vegar eru illir andar ekki til, en allir halda áfram að fullkomnast, svo eilíf útskúfun kemst ekki að eftir hans kenningu.

Helstur andafræðingur á Frakklandi frá sama tíma er Hippolyte Denisard Rivail. Hann ritaði bók þá, sem kalla má ritningu andatrúarmanna í suðurlöndum. Kallar hann sig Allan Kardec fyrir því, að andarnir kváðu það vera nafn hans í fyrri tilveru hans. En hann flytur sálnaflakkskenningu í sambandi við andafræði sína. Þó má andi manns eigi annarsstaðar búa en í mannlíkama. En hann endurfæðist ávalt á ný, þar til hann er orðinn nægilega góður. Fyrir því er auðséð að Kardec er á móti eilífri útskúfun eins og Davis.

Eftir þenna tíma breiðist andatrú mjög víða út og eru til þess tvær ástæður. Önnur er hatur manna á eilífri útskúfun. Íslendingum er öllum kunn vísa Björns Gunnlaugssonar í Njólu:

Mun guð skafti skepnukind

í skelfingar þá rötum,

að hún fyrst í sökvi synd

og svo eilífa glötun?

Þetta þótti guðleysi þá. En öll alþýða manna hér og í öðrum löndum vildi fegin mega hugsa, að vinir þeirra ættu afturkvæmt úr vonda staðnum, ef þeir yrðu að fara þangað. Hún átti ekki við alþýðuskap, síst á 19. öldinni, þessi setning eins miðaldaguðsmannsins: „Svo fer því fjarri, að hinir sælu himinbúar hneigist til meðaumkunar yfir eilífum kvölum frænda sinna, að þeir kenna ekki einu linni í brjósti um foreldra sína. Hitt er heldur, að réttlátir munu fagna, er þeir sjá refsinguna. Þeir munu þvo hendur sínar í blóði syndaranna“. Þessum og því líkum kenningum hélt kirkjan að mönnum. Var því öll von á því, að almenningur aðhlytist kenningar þeirra manna, sem neituðu slíku ófétishjali. En af sömu ástæðu varð þessi andafræði að trú hjá öllum fjöldanum. – Hin ástæðan er borðdansinn. Það þótti í fyrstunni harla ósennilegt að borð færi á stað án þess ýtt væri á það og vildu allir reyna. Þessar tilraunir fóru um alla Norðurálfu heims eins og eldur í sinu um 1850. En er menn höfðu þessar tilraunir svo að segja á hverju heimili og sáu undarlega hluti, þá leiddi þar af að þeir urðu að kynnast nokkuð þar að lútandi kenningum.

Síðan hefur andatrú eigi dáíð út, þótt hún hafi lifað bestu lífi á Englandi. Þangað fluttust dætur Fox og má vera að það hafi stuðlað til þessa.

Allur almenningur lét og lætur sér nægja að trú á því, að andar valdi því, er hann sér og má eigi skýra, en aðrir láta sér eigi nægja það, kannast að eins við viðburðina, en halda að eitthvert dulið afl valdi. Sú stefna nefnist dulspeki.

Alþýðlegar tilraunir (seancer) eru mjög algengar. Ég býst við að mörgum af áheyröndum mínum þyki gaman að heyra, hvað þar ber við að jafnaði. Þýði ég því útdrátt úr því, sem

Alfred Lehmann ritar um það. Hann segir: „Ég byggi hér á nákvæmri þekkingu á hér að lútandi bókmentum, og margra ára hluttekning í þess konar tilraunum. Til þess að hafa betra yfirlit yfir viðburðina skifti ég þeim í viðburði sem byggjast á *afl*, viðburði sem byggjast á *afl* og *skynsemi* og viðburði, sem byggjast á *skynsemi*.

a. Þegar borð er haft fyrir millilið í viðtali við andana, þá er byrjunin sú, að borðið fer á stað og þýtur stefnulaust um gólfið svo að menn geta varla fylgst með. En þegar það er komið á stað, þá getur jafnvel einn einstakur miðill látið það halda áfram, þótt fullorðinn, gildvaxinn maður setjist á það. Ég hef sjálfur oft látið fjórðungslóð á lítið borð, er tveir kvenmiðlar héldu á hreyfingu. Eftir fáar sekúndur þaut lóðið langt út á gólf sem kólfi væri skotið. – Þessar aflraunir hef ég aldrei séð borð inna af hendi, nema fingur miðilsins hafi snert það.

b. Þegar borðið er orðið þreytt eða leitt á að þjóta fram og aftur, þá koma högginn, en með þeim segja andarnir til sín. Verður það á ýmsan hátt. Einn er sá að fólkið bendir á stafi í stafrófinu hvern á eftir öðrum, og er þá sagt til með höggum, hverjir eru þeir réttu. Áður var eitt högg sama sem a, tvö b, o. s. frv., en sú aðferð er mjög seinleg. Þegar svara á já eða nei, þá er eitt högg *nei*, en þrjú högg *já*, tvö óákveðið svar. – Í stað borðs er oft byrðlingur (Planchette). Það er agnarlítið þrífætt borð, flöturinn viðlíka stór og mannlúkukur. Undir tveim löppunum eru völtur, en ritblý í þeirri þriðju. Byrðlingurinn er settur á pappír og höndum stutt á hann. Fer hann nú á stað og skrifar. Hjá óvönum verða það tóm strik, en með æfingu verða það stafir, orð og síðast setning.

c. Þriðji flokkurinn er frábrugðinn að því, að þar þarf engin áhöld. Miðillinn gerir þá ýmist að tala eða skrifa. En hér þarf meira á miðilsgáfunni að halda. Eru mál- og ritmiðlar vanalega í leiðslu. En hinir eru annaðhvort ekki í leiðslu eða hún er svo létt að ekki verður eftir því tekið. – Annars verður ekki sagt hvenær leiðsla byrjar. Því að hún getur verið á óteljandi stigum“.

Nú segir Lehmann að enginn miðill hafi sér ásjáandi frætt um neitt, sem hefði ekki áður verið í meðvitund hans. Telur hann vart trúandi þeim sögum að miðill tali rétt nýgrísku, þótt hann hafi aldrei séð grískt orð eða heyrð. Hann hafði heyrð um stúlku, sem svaraði á sænsku, ef talað væri við Svía, en hefði þó aldrei séð sænsku. En honum reyndist það svo, að sænsku andarnir höfðu ekki minstu hugmynd um framburð á móðurmáli sínu. – Rússneskur maður, Aksakow, hafði frænkur sínar fyrir miðla. Eitt sinn var þar skrifað: „EMEK HABACChA“. Var þá spurt, hvað það þýddi. Svárið var: táradalurinn og að það væri hebreskt, og hefði læknir í Portúgal það fyrir einkunnar orð, en hann hétu Sardovy. En seinna sagði „andinn“ að nafnið væri rangt, maðurinn hétu B. Cardoso. – Aksakow grenslaðist nú eftir þessu, þótt honum þætti ósennilegt að stúlkurnar kynnu hebresku. Hugði hann hér komið svar, sem aldrei hefði áður verið í meðvitund miðilsins. Það reyndist rétt að orðin voru hebresk og þýddu



táradalurinn. B. Cardoso var ekki til, en Fernando Cardoso var til. Hitt varð ekki vitað, hvort hann hefði haft þessi einkunnar orð. Hann gat því ekki sagt, hvaðan miðillinn hafði þetta. En nokkrum árum síðar rakst hann á þýskt orðskviða- og einkunnarorðasafn. Þar stóðu orðin og hið rangfærða nafn. Þaðan hafði miðillinn haft það, því að nú sá hann að mörg svör á útlendum tungum stöfuðu þaðan. Mundi margt undrið hverfa ef allir væru eins glöggir og samviskusamir sem Aksakow. – Þetta var um alþýðutilraunir, og er lítið á þeim að byggja, þótt margt verði þar undarlegt. Því má skjóta hér inn í að þessar tilraunir hafa verið gerðar hér í vetur (hænuþjöðrin). Hitt er merkilegra, sem vísindamenn hafa gert í málinu.

Málfundafélag eitt var stofnað í Lundúnum 1867. Tveim árum síðar hafði það andatrú til umræðu í janúar og kaus þá nefnd til að rannsaka þessa hluti, milli 30 og 40 manns. Hún greindist síðan í smánefndir, er skiftu verkum. Eftir hálf tveim árum kom hún með álit sitt. En ekki vildi félagið gefa það út sökum mótsagna. Þá gaf nefndin það út sjálf. Nýtt hafði hún ekki fundið annað en það, að þungir hlutir geti flust til án þess nokkur snerti þá. En þetta gerðu merkustu mennirnir að ágreiningsatriði og neituðu því.

Þó var þessi nefnd hin fyrsta er rannsakaði málið. En nú máttu vísindin eigi láta hér við lenda, að hver væri móti öðrum. Enda kom von bráðar mjög þektur efnafræðingur William Crookes og tók til að rannsaka þessa hluti.

Til þess að missýningar gerðu enga skekkju, vildi Crookes láta kraftinn verka á einhver mæliáhöld er sýndu sjálf niðurstöðuna. Hugðist hann mundu geta sannað með því, að hér væri um tóma hjátrú að ræða. En það varð annað uppi á teningnum.

Frægur miðill Daniel Dunglas Home var Crookes til aðstoðar. Það var hans eðli að geta leitt hljóð úr hlutum án þess að snerta þá og að breyta þunga hluta. – Crookes lét nú harmoniku koma í körfu eina, er svo var úr garði gerð, að eigi varð svikum við komið með fótunum. Home tók nú harmonikuna með tveim fingrum á annari hendi, en lagði hina höndina á borðið. Tók nú hljóðfærið að sveiflast og því næst komu hljóð fram og síðast lag. Þó sáu viðstaddir menn að hönd Homes hreyfðist ekki. Nú var gerð tilraun með þungann. Annar endinn á fjöl einni var hengdur á fjaðravog, en hinn endinn lá á borði einu. Þar studdi nú Home á og tók þá fjölin að sveitlast upp og niður og vogarvísirinn sýndi að hún þyngdist mest um 41/2 pd. Til að reyna, hvort hér hefði verið beitt afli sté Crookes á sama staðinn, sem finger Homes höfðu hvílt á, og stóð þar á öðrum fæti og hossaði sér. Með þessu gat hann þyngt borðið um hálf tveim pund. Home sat á lágum stól og hefði því eigi getað valdið þunganum með vöðva krafti. Crookes heldur nú að hér sé dularafl nokkurt sök í og kallar andarafl (psykisk kraft) eða fjarvirkisafn. – Hann gerði síðan margar tilraunir um þetta og þóttist jafnan verða var þessa afls. En það er galli á tilraunum hans, að hann lét miðilinn ráða

of miklu og varð því tilraunin meir af handahófi en vera bar. En það versta er að síðar varð miðill þessi sannur að svikum.

Fyrnefnda viðburði má alla skíra án þess að andar komi þar nærri. Þeir gætu átt rót sína að rekja til sálarlífs miðilsins. Ekki þarf annað en að þar sé óþektir kraftar, sem sálarfræðin veit ekkert um. En ef andarnir birtust sjónum manna og eru áþreifanlegir, þá vandast málið. Þó gæti slíkt verið ofsjónir. En ef taka mætti ljósmyndir af öndum, þá ætti tilvera þeirra að vera sönnuð.

Þetta reyndu nú andatrúarmenn að gera. Og vonum bráðara hepnadist mönnum að taka ljósmyndir af öndum. En hér er sá hængur á að svik hafa komist upp um flesta ljósmyndara andanna. *Mumler* nokkur tók ljósmyndir af mörgum öndum. En þá komst það upp að andamyndin á mörgum plötunum var mynd af lifandi manni. Nú glötuðu menn trúnni. Í Nýju-Jórvík var hann sakaður um svik í þessu efni, en var þó sýknaður af því að gögn vantaði. *Hudson* nokkur varð sannur að sök um þetta sama í Englandi og annar, sem *Parkes* hét. *Buguet* hét ljósmyndari í París, sem tók myndir af öndum. Á hann sannaðist að myndir af andanum var á plötunni áður en maðurinn sat fyrir. Fundust og hjá honum brúður í líkklæðum og höfuð skorin af myndum lifandi manna límd á bréf. Hann var dæmdur til fangavistar og sektar og slíkt hið sama ritstjórinn við eitt tímarit andatrúarmanna og *Firman*, miðill sá, er þeir höfðu haft sér til hjálpar. – En til eru og andamyndir eftir mjög heiðvirða menn. En þar er meinið að miklar líkur eru til þess, að aðstoðarmennirnir hafi svikið þá. *Beattie* hét einn heiðarlegur ljósmyndari, sem tók andamyndir og þótti ófært að véfengja. En 20 árum síðar komst það upp, að hjálparmenn hans höfðu haft svik í tafla.

En fyrst í stað þótti nú sannað að andar væri til. Var því ekki annað eftir en að fá þá til að vitrast öllum þingheimi á samkomunum. Þetta tókst líka vonum bráðar. En þeir andar, sem vitruðust, voru svo líkir miðlinum að þegar lagðist á grunur um svik. Tók þá *Crookes* að rannsaka þetta efni. Hafði hann sér til aðstoðar miðil, 15 ára gamla stúlku, *Florence Cook* að nafni. Við tilraunirnar kom þá jafnan fram andi sá, er nefndist „*Katie King*“. *Crookes* klifti lakk úr hári hennar og fékk leyfi til að kyssa hana, rannsakaði andardrátt hennar o. fl. Hann komst að þeirri niðurstöðu að hún væri kona af holdi og blóði, engu síður en miðillinn. Og margir aðrir þreifufðu á henni og fundu líkamsylinn. En þess var vel gætt, að *Florence* sjálf væri kyr á sínum stað meðan þessu fór fram. Nú ályktaði *Crookes* að *andarafl* miðilsins skapaði þessa konu. – En galli er á þessum tilraunum. Hann hafði vandlega gætt þess að *Florence* gæti eigi leikið anda, en ekki sést að hann hafi fyrirbyggt að aðrir gerðu það. Hitt er víst að 1880 lék hún sjálf anda, því að *Katie King* var þá tekin höndum og það sýndi sig þá að þetta var miðillinn sjálfur. – *Aksakow* hefur og tekið mynd af miðli og anda saman, en miðillinn *Eglinton* hefur orðið sannur að svikum hvað eftir annað.

Enn eina sönnun hafa menn flutt á andatrúnunum. Það eru steyft mót af höndum og fótum andanna. Hafa slík mót oft verið tekin, en jafnan eru þar einhverjir agnúar við, svo að efinn kemst að.

Friedrich Zöllner háskólakennari í Leipzig hefur haft svipuð afskipti af þessum málum sem Crookes. Þessir menn voru báðir alkunnir vísindamenn og þess vegna vildu menn ekki leiða það hjá sér sem þeir sögðu. Varð þetta til þess að varnarmenn og andstæðingar andakenningarinnar lögðu meiri rækt við að rannsaka þessa undarlegu viðburði.

Zöllner hafði sér til aðstoðar vestheimskan mann að nafni *Henry Slade*. Gerðu þeir tilraunir um andaskrift og gegnkvæmleik efnisins. – Andaskriftina uppgötvaði fyrstur maður nokkur í Líflandi Ludvig von Guldenstube og Júlía systir hans. Hann lét fyrst blað og ritblý í öskju og lokaði henni og bar lykilinn á sér. En fyrstu dagana var ekkert að sjá, en eftir 12 daga voru einhver merki á blaðinu. Nokkru seinna sá hann spretta letur á blaðinu án þess ritblý væri þar. Eftir það lét hann andana skrifa verkfærilaust. Þetta voru altaf andar látinna ágætismanna, en enginn sá andana, nema þau systkin. – Næstur Guldenstube gengur Henry Slade. Í tveggja manna viðurvist lét hann anda skrifa í vasabók annars mannsins með bláum blýantsstubb og griffil sem var lagður milli tveggja spjalda lét hann rita á annað spjaldið. En sjónarvottunum ber ekki alveg saman í frásögn sinni. Nokkru síðar sannaði Lankaster dýrafræðingur svik (skrifað á spj. fyrirfr.) Slades og hann var settur í þriggja mánaða fangelsi og þrælkun. Síðan fór hann til Þýskalands og þar tók Zöllner málið til rannsóknar: Zöllner keyfti nú tvö spjöld, hreinsaði þau sjálfur, lagði griffil innan í og batt svo utanum. Síðan sátu þeir þar þrír við borðið og voru að fást við segulafstílaunir og höndur Slades voru langt frá spjöldunum. En alt í einu fer griffillinn að skrifa, og þegar spjöldin voru tekin í sundur voru skrifaðar 9 línur á annað þeirra.

Menn höfðu þóttst sjá hluti hverfa með undarlegu móti og vera komna á annan stað á þann hátt, að þeir hlutu að hafa farið í gegnum heilt. Zöllner gerði nú eftirfarandi tilraun. Hann tók seglgarnsspotta og hnýtti saman á báðum endum og lakkaði fyrir endana og setti innsigli sitt á. Síðan settust þeir við borð og lögðu innsiglið þar á. Zöllner setti bandið um háls sér en nokkur hluti þess lá á knjám hans. Slade hafði höndurnar á borðinu, en nuggaði stundum ennið með þeirri vinstri og kvartaði um verk. En þegar aðgætt var bandið þá voru komnir á það fjórir hnútar. – Þetta skýrir Zöllner með *fjórða víðerninu*, því að Slade gat ekki sjálfur hafa gert hnútana. Rökleiðslan er þessi: Hugsum oss verur, sem skynja ekki nema tvö víðerni. Fyrir framan þær liggur band með lausri (hnútlausri) lykkju. Ef þær vilja ná lykkjunni af, þá verða þær að láta annan endann fara heilan hring í fletinum, af því að þær skynja rúmið ekki nema í stefnuna fram og aftur og frá hægri til vinstri. Við höfum þriðja víðernið, upp og niður. Þess vegna getum við leyst lykkjuna með því að lyfta bandinu og snúa upp á það. Við getum hnýtt hnút með því að láta annan enda bandsins fara heilan hring. En þeir sem skynja 4. víðernið

ættu að geta það á auðveldari hátt, og væri sá munur í líkingu við muninn á oss og ferveðernisverunum. – Skilji þetta þeir sem skilið geta. Hitt er öllum auðskilið, hvað af því má ráða, er nú verður sagt. Andarnir eða ferveðernisverurnar gátu hnýtt hnút á endalaus línu (hringlínu), þegar samskeyti voru á henni, en ekki gátu þeir hnýtt hnút á slíka línu, sem engin samskeyti voru á.

Kona ein, frú Blavatsky að nafni, varð höfundur nýrra trúarbragða, er hún nefndi guðspeki. Hún vandist mjög á hjátrú í æsku og meðal annars það, að hún væri vel fallin til að umgangast anda af því að hún væri sunnudagsbarn. Hún fór víða um heim, en í 7 ár þóttist hún hafa verið hjá spekingum í Himalayafjöllum og numið af þeim mikla speki. En er hún hafði sett söfnuð sinn á stofn og var flutt til Adyar á Indlandi, þá tók hún að gera allskonar kraftaverk. Þar á meðal var það, að ef brotnir hlutir voru látnir í skrín, sem hún átti, þá skilaði það þeim heilum aftur. Og ef spurningar til hinna heilögu spekinga voru lagðar í skrínið, þá voru að vörmu spori komin löng svör frá þeim þangað. Þessi kraftaverk urðu hljóðbær um heim allan og eins hitt, er Koot Hoomi kennari frá Blavatsky birtist mönnum þar í *astralgerfi*, þ. e. sálin vafin þunnum efnishjúpi. Og alt benti þetta til þess að andar væri til og birtust mönnum. En „sálrannsóknafélagið“ (Society for Psychical Research) í Lundúnum sendi þangað einn helsta mann sinn, Hodgson að nafni, til þess að rannsaka þetta. Hann sannaði að alt voru þetta svik og prettir. Bréfin voru með hennar eigin hendi og úr skríninu lágu leynidyr inn í svefnherbergið hennar.

Guðspekingar og andatrúarmenn hafa oft vitnað til Fakíranna á Indlandi. Hafa gengið hinar ótrúlegustu sögur um þá hér í álfu. Enda er það áreiðanlegt að þeir þekkja betur dáleiðslu og kunna betri tök en Norðurálfubúar á sínum eigin líkama og meðvitund. Til dæmis má nefna að þeir kunna að leggjast í dvala eða dá og geta legið í hýði sínu næringarlausir svo vikum og mánuðum skiftir. En þó verður þess að gæta, að oft er krítað liðugt þegar sagt er frá listum Fakíranna. Franskur maður, Jacolliot að nafni, segist hafa séð að Fakír einn hafi ekki þurft annað en að gefa bendingu, og hafi þá þungir stjakar tekið að dansa; hann hafi látið spýtu rita í sandinn svör upp á hugsaðar spurningar og látið frækorn, er Jacolliot valdi sjálfur, verða að heilum trjám á fáum klukkustundum. Þetta gerist alt á stöðum, sem Fakírinn nær ekki til, en hann situr nær því nakinn í sandinum. Hér heldur nú sögumaður að einhver dularöfl hafi verið að verki. En sá galli er hér á að hann var ætíð einn hjá Fakírnum til þess að þjónar hans skildu eigi hjálpa Fakírnum til svika. En nú segir Jacolliot sjálfur að hann hafi eigi þolað að horfa í augu honum. Liggur því nærri að halda að Fakírinn hafi dáleitt hann, og látið hann sjá öll þessi undur í dáinu.

Frú Blavatsky segir eina sögu um listir Fakíra. Hún er svo: Fakír nokkur breiðir dúk á slétta grund. Hann trampar nokkra stund á dúknum. Því næst tekur dúkurinn að hreyfast og von bráðar skríður strákur fram undan honum. Töframaðurinn tekur nú kaðal og kastar öðrum

endanum upp í loftið þar til sá endinn hverfur sjónum manna en hinn er við jörð niðri. Drengurinn klifrast nú upp kaðalinn þar til hann hverfur sjónum. Þá hefst samtali milli töframannsins og drengsins, sem orðinn er ósýnilegur. Því líkur svo, að töframaðurinn þýtur í reiði upp kaðalinn með hníf í hendinni uns hann hverfur mönnum sjónum. Eftir nokkra stund falla niður blóðugir útlímur drengsins og síðan höfuðið og kroppurinn. Þar á eftir rennir töframaðurinn sér niður kaðalinn. Síðan lætur hann hinn sundurlimaða dreng í poka og hristir saman. Og rétt á eftir stekkur strákur upp úr pokanum í fullu fjöri.

Þessa sömu sögu segir ungur Vesturheimsmaður síðar í blaði einu í Chicago. Hann bætir því við að hann hafi sjálfur séð þetta á Indlandi og vinur sinn. Þessi vinur var málari og gerði myndir af þessu öllu. – En er Hodgson var farinn til Asíu til rannsókna sem fyr er getið, þá vildi hann og rannsaka þetta og gerir því fyrirspurn vestur um haf og vill vita hvar þessi höfundur, S. Ellemor, hefði séð þetta á Indlandi. En þá kom það í ljós, að sagan var auglýsing á myndum vinarins og höfundarnafnið dálítill gáta: S-Ellemore = selle more (seljið meira). En Frú Blavatsky hafði söguna úr gamalli galdraskruddu. – Þetta dæmi getur sýnt mönnum að ekki er allt satt, sem sett er á prent. Og víst ættu menn þó að vera nokkru kröfuharðari á sennileik, þegar ræða er um ónáttúrliga hluti. Það er heldur óskemtilegt að vera stóri Kláus og trúá skreytinni úr litla Kláusi, jafnvel þótt maður drukni ekki beinlínis fyrir trúgirnina.

Í fyrstu skiftust þeir menn í tvent, sem fengust við rannsóknir á þessum efnum, andatrúarmenn og dulspékismenn. Fyrri flokkurinn trúði að hér væri andar í verki, en hinn hélt vera óþekta krafta að starfi og vildi skýra þá. En þegar það fór að vitnast kringum 1880 að miðlar höfðu oft haft svik í tafli, 8 uppvísir frá 1878–1884, þá fóru samviskusamir andatrúarmenn að taka saman seglin. Árið 1882 kom út bók, sem nefndist: „Játning miðils“. Höf., Chapman hafði lengi verið aðstoðarmaður Firmans miðils og þekti öll þau brögð, er hann hafði við andavitránir og annað þess háttar. En Chapman varð leiður á að táldraga hrekklaustr fólk og sagði til. Gætnir andatrúarmenn færðust nú nær dulspékismönnum, en þeir fóru að reyna að fækka dularöflunum og skýra sem mest með þektum náttúruöflum. Árið 1882 var svo stofnað félag í Lundúnum til að rannsaka dularfulla andlega viðburði. Það var sendimaður þessa félags, sem uppgötvaði svik Blavatsky, en sú uppgötvun varð til að skerpa tortrygni manna gagnvart þeim, er kraftaverkin unnu. Þeir sem hér eftir fengust við rannsóknir voru og gætnari, en menn höfðu verið áður. Sést það á rannsóknum sem gerðar voru á Ítalíu með miðilinn Eusapia Paladino, og þó kom viðstöddum mönnum ekki ásamt um, hvað þar hefði fram farið. Voru þar þó margir góðir vísindamenn. Sýnir það, hversu afar erfiðar slíkar rannsóknir eru. Það getur auðvitað hitst að fólk sé óvart rannsóknum uppgötvu eitthvað nýtt, en líkurnar eru þó helsti litlar. En það sýnist vera dálítill miðaldabragar á því, að kalla það þjónustu við djöfulinn, þótt einhver geri meinlausar tilraunir um þessa hluti, þótt þær verði gagnlausar.

Ég mun síðar segja þeim er heyra vilja, hverju hér er trúandi, hvað skýrt verður og hvernig. En ég vil láta þess getið þegar, að enginn getur neitað því að sálir framliðinna skrifi með borðlöppum, ef hann trúir því að þar séu lifandi andar og trúir því um aðra anda, t. d. engla og djöfla, að þeir geti birst mönnum á margvíslegan hátt. – Ég geng að því vísu að minn andi verði að engu jafnoki flugnahöfðingjans sjálfs, þegar ég dey. En hitt þykir mér nokkuð hart, að gera okkar svo mikinn mun, að ég fái ekki að hlaupa snöggvast í einn borðfót, þótt falleg stúlka vilji tala við mig, en hann megi ganga hér um guðshús bæjarins, opna höfuðskeljar mannanna og taka útsæði guðfræðinganna burt fyrir augunum á Kristi og predikaranum. Þetta er ekki jafnrétti. – Það er og ekki auðveldara að hrekja andatrúna með ritningunni, því að hún talar allra bóka mest um anda. Og ef Jakob gat farið úr liði á því að glíma við anda, því skildi þá ekki ódauðleg sál einhvers stórmennis geta haft áhrif á ljósmyndaplötu? Hitt mun og öllum ljóst, að ef vondir andar geta skrifað með borðum og logið til nafns, þá ættu góðir andar að geta skrifað líka, þótt þeir gætu ekki logið.

Í næsta fyrirlestri býst ég við að tala nákvæmar um þetta, en nú er tími kominn til að leita spásagna í kvöld.

## II.


### Háttvirtu áheyrendur!

Í síðasta fyrirlestri fór ég lauslega yfir sögu andatrúarinnar og dulspekinnar. Nú er það ætlun mín, að sína fram á, hverju sé hér að trúa.

Margt þeirra hluta, er ég gat um síðast, var auðsjáanlega bygt á svikum. En auðskilið er það, að fleira kann þar rangt að vera. Fyrir því verður að telja þær ástæður, sem þar til liggja eftir því sem reynsla og tilraunir sína. Hver rannsókn verður að hefjast með efa um alt (de omnibus est dubitandum þ. e. um alt ber að efast), ekki síst þá er ræða er um hluti, sem eru gagnstæðir þeim náttúruöflum, er vér þekkjum, eða sýnast vera bygðir á einhverjum óþektum öflum. – Hið fyrsta er þá að hrinda þeim viðburðum sem auðsjáanlega byggjast á misskilningi og rangri eftirtekt. Því næst verður að reyna, hvort ekki má skýra þá hluti, sem þá verða eftir, með áður þektum hlutum. Verði þá enn eftir, verður að athuga, hvort það sé næg ástæða til að gera ráð fyrir duldum öflum eða öndum.

Athugunarskekkjan getur stafað af varurðaskekkju, rangri eftirtekt og rangminni. Margir sálarfræðingar taka hér til dæmis, hvernig ég fer að sjá epli. Ég lít inn um búðarglugga og sé eitthvað rautt eða gulleitt og sýnist vera hnöttótt. Ég er þess þá þegar fullviss að þetta sé epli með öllum þess einkennum, hörku, bragði, þunga o. fl. En þar bæti ég ósjálfrátt við athugun mína heilum hóp af hugmyndum um þá hluti, sem eru vanir að verða samferða þessari sjón. En af því leiðir að vel getur mér missýnst. Og missýningar stafa einmitt af því, að menn bæta við varurð sína hugmyndum, sem eiga annarstaðar heima. Það er sagt um málara einn í fornöld að hann málaði svo vel víndrúfur, að fuglar komu og vildu eta. Þeir bættu auðvitað við hugmyndum sínum um þá eiginleika, sem voru vanir að vera þessari sjón samfara. En ekki urðu þessar drúfur góðar átu. Hér er nú sambland af varurðum og hugmyndasamböndum. Þá er eitt ótalið enn, sem ekki má án vera við athugun. Það er eftirtektin. Hefði ég verið mjög annarshugar, þegar ég leit í búðargluggann, þá hefði ég ekki tekið eftir eplinu, þótt það bæri mér fyrir augu (Efnið í fyrirlestri þessum er mestmegnis úr bók Alfr. Lehmanns 4. bindi.)

Þá er athuga skal umheiminn, er einkum komið undir sjón heyrn og þreifan. Þó er sjónin þar merkust. Samt svíkur hún oss oft, einkum ef áhrifin eru óljós, sem hún verður fyrir. Því að þá er hættast við missýningum (þ. e. röngum hugmyndasamböndum, er vakna við sjónina). Augað er og hinn eini mælikvarði vor á afstöðu og stærð hlutanna. Vanalega megum vér sjá hvor línan er lengri, ef tvær eru. En þó þarf eigi nema smámuni eina, til að skekkja þann dóm. Lítið á línurnar *a* og *b*. Þær eru jafnlangar, en sýnast mislangar af því að umbúnaður við endana er misjafn.



Brehm dýrafræðingur segir dæmi hins sama, er hann getur þess, hve erfitt er að ætlast á um lengd höggorma. Það ber við að Indverjar segjast hafa drepið 50 feta langa höggorma, en er þeir sjá náttúrufræðing sitja og mæla 19 feta höggorm, þá segjast þeir aldrei hafa séð neinn eins stóran. Nú kann það að valda nokkru hér um, að ekki er holt að ganga mjög nærri höggormum. Fyrir því gerði Lehmann tilraunir með böndum í höggorma stað. Glöggustu mönnum missýndist milli 1/10 og 1/20 og öðrum þaðan af meir. Sama niðurstaðan verður þá er meta skal afstöðu hluta, enda fer það mjög eftir veðrinu. Mun öllum vera kunnugt, hver munur sýnist á fjarlægðum í þoku og hreinviðri.

Í stuttu máli: *Dómur vor um stærð og afstöðu hluta er nærri sanni, þegar vel stendur á, en aldrei fyllilega réttur, og skekkja, verður mikil ef illa stendur á.*

Misheyrnir eru eigi síður altíðar en missýningar. Flestir hafa víst orðið fyrir því að þeim hafi misheyrst. En misheyrnir koma auðvitað helst, þá á hljóðið er veikt eða ógreinilegt. Og eins er enn að gæta, að eyrað getur eigi dæmt um hljóðstefnuna. Þó heyrum vér vanalega úti á víðavangi hvaðan hljóðið kemur, og eins hvort það kemur aftan eða framan að oss. En inni í herbergi, þar sem hljóðið margbrotnar, verður stefnan eigi greind. Sitji menn við borð og einhver veldur þar ókennilegu hljóði, þá heyrst einum það koma úr veggnum, öðrum úr gólfinu, þriðja úr loftinu: *Hljóðstefnan verður eigi rétt dæmd, nema vel standi á, og sé hljóðið ókennilegt, þá verður sjaldnast ráðið í hvaðan það kemur.* – Þessa verður að gæta, þá er dæmt er um þær sagnir manna, að þeir hafi heyrt hljóð úr hverju horni við andatilraunir. Því að vel



má miðillin hafa valdið hljóðinu, þótt enginn tæki eftir. Búktal byggist á þessum ófullkomleik heyrnarinnar.

Einna mest traust berum vér til þreyfanarinnar (tilfinningarinnar, þ. e. húðarinnar skynfæra) þrýstings og hitagreiningar. Þó geta þær brugðist. Því að *þrýstings og hita varurðir haldast nokkru eftir að áverkanin er hætt*. – Þess vegna getur loddari lagt pening í lófa vorn og tekið hann burt án þess vér verðum þess varir. Því að varurðin helst, þótt peningurinn sé farinn og vér kreppum hnefann um pening, sem er ekki lengur í lófanum, af því að oss finst hann vera þar enn. Þetta mundi mörgum þykja kraftaverk, því að svo lítur það út sem peningurinn hverfi úr kreftum hnefa, eða gegnum heilt. Mundi þá þurfa fjórða viðrnið til skýringar, ef menn þektu eigi þennan ágalla á skynjan vorri. Enn þá auðveldara er að ginna á þenna hátt með mjög köldum hlutum. Trúðkvendi nokkurt Fay að nafni lék á marga menn með því. Hún lét tjalda yfir svo að höfuðin ein stóðu upp úr. Áður hafði hún kælt höndur sínar í vatni. Nú er hún lagði hönd sína á hönd hins fyrsta, þá fanst honum höndin vera kyr, eftir að hún hafði flutt hana á hinna hendur, af því að varurðin hélst, þótt áverkanin væri úti. En af því að hinir vissu eigi þetta, þótti þeim sem sama höndin væri senn á mörgum stöðum, eða einhverjir aðrir kaldhentir náungar væru þar viðstaddir.

*Eftirtektin*. Með mörgum tilraunum og athugunum ótalmargra sálarfræðinga hefur þessi orðið niðurstaðan um eftirtektina: *Eftir því sem henni er meir beitt í eina átt, eftir því eiga aðrar áverkanir erfiðara með að valda varurð og:*

*Eftir því sem athyglin dreifist á fleiri áverkanir samferða, eftir því verða varurðirnar óljósari.*

Hver maður mun af eigin reynslu vita, hverjum athugunarskekkjum þetta má valda. Þó gætir þess einkum þegar meta skal tímalengd. Þar um er staðreynt að *tímalengd verður eigi metin nærri sanni, nema vel standi á og vani hjálpi* (t. d. fyrirlesara lærir að finna á sér, hve langt er liðið á tímann, eftir því, hve mikið hann hefur sagt).

*Hugmyndasambönd* láta mjög til sín taka um athugun vora (sbr. dæmið um eplið). Verða þau því oft sök í allskonar missýningum og misgáningi ef varurðir eru óljósar. Við göngum t. d. ofan að nausti um kvöld og sjáum tilsýndar í dimmunni eitthvað, sem stendur upp á endann. Við verðum hrædd og höldum þar vera kominn sjódaudan mann, en þetta var þó aldrei annað en festarhæll. Slíkar missýningar eru tíðar og ræður þar jafnan það lögmál, að *ætið er gert of mikið úr þeim svip, sem hið óþekta hefur af einhverju þektu*.

Öll þessi atriði í sameiningu valda sífelt og margvíslegum athugunarskekkjum. En fleira kemur þó til greina. Ef athuginin á að verða að gagni á einhvern hátt eða verða öðrum kunn, þá verður *minnið* að geyma atburðina. En því er nú ver að það er ekki áreiðanlegt, og því síður sem lengra liður. Athyglin getur ekki snúist jafnt að öllum atvikum í margþættum viðburðum

og því skýst oss jafnan yfir ýmsa liði og sé um eitthvað nýstárlegt að ræða og oss óþekt, þá geta það verið höfuðliðirnir. En *minnið geymir best þá liði viðburða sem vér höfum veitt mesta athygli, eða hafa fengið mest á oss; en það er engan vegin áreiðanlegt að það séu höfuðatriðin.* Þau atriði munum vér auðvitað ekki, sem oss hefur skotist yfir. Og þeim liðum raðar minnið oft rangt, sem vér höfum orðið varir við, ef orsakasambandið liggur ekki í augum uppi, og því hættir við að rugla saman þeim atriðum, er líkjast hvort öðru. Reynslan er því þessi: *Minnið skiftir oft um liði í viðburðaröð og lík atriði renna saman eða þeim er ruglað saman, þótt langt sé á milli.*

*Geðshræringar* skekkja og athugun vora. Því að þær beina athygli vorri að þeim hlutum einum, sem standa í einhverju sambandi við þær, en hitt sjáum vér ekki eða þá illa. Því ákafari sem geðshræringin er, því meir gætir þessa. En allar verka þær í sömu átt, gleðin, sorgin, reiðin, hræðslan, hatrið, ástin, (ást hylur liti) og eftirvæntingin. En hún kemur helst til greina í þessu sambandi. Þá veldur og *hlutdrægni* því sama. En *hlutdrægir* erum vér í athugun, þegar vér óskum, vonum eða trúum einhverju og gætum vér þá þess eins, er styður óskir vorar, vonir og trú, en hitt sjáum vér ekki. Er það alkunna, að *hlutdrægni* leiðir oss svo langt, að vér teljum stundum sjálfum oss trú um, að hlutir séu öðruvísi en vér vitum að þeir eru. Verður þá eigi lengra leitað.

Allir vitum vér að hverjum manni er auðveldast að sjá þá hluti rétt, sem hann er kunnur. Grasafræðingur er skygnari á gróðrarlag en hinir, sem aldrei hafa við þá fræði fengist; sjómenn sjá óvönnum betur hvað gerist í sjóferð, í skipreika og þess háttar, efnafræðingur er skygnari þar um ófróðum mönnum á efnasambönd og sálarfræðingar eru öðrum glöggari á það, sem gerist í meðvitund manna. En hins þarf naumast að geta, að efnafræðingur þarf ekki að vera glöggur á sjómensku eða sálarfræði, þótt hann sé vel að sér í sinni grein. Það er því ekki fremur ástæða til að telja þá Crookes eða Zöllner óskeikula í athugunum viðvíkjandi andatrú, þótt þeir séu duglegir hvor í sinni grein.

Margur mun nú hugsa að athugunarskekkjan komi ekki alstaðar eða ætíð fram, þótt hún geti komið fram. En tilraunir sína þó ljóslega að svo er. Hodgson, sá er rannsakaði frú Blavatsky, tók eftir því, er hann vildi segja vel frá tilraun einni, að það var mjög erfitt, og er hann bar sína frásögn saman við vinar síns, sá hann að mörgu var gleymt. Fór hann þá að athuga þetta og ritaði síðan um það. Frú Sidgwick hafði og tekið eftir hinu sama. Því að hún sá að kraftaverk miðlanna minkuðu eftir því sem betur var aðgætt. Ályktaði hún því að ill eftirtekt áhorfandanna væri þeirra aðal hjálparhella. Nú risu andatrúarmenn og guðspekingar upp í móti þessu, en margir urðu og til varnar. Meðal þeirra var maður að nafni Davey. Hann tók það ráð að hann lærði nokkrar loddaralistir og sannaði síðan með mörgum tilraunum að

vel má glepja hverjum manni sýn við slíkar tilraunir. Þetta er og auðráðið af því, að frásagnir manna um slíka viðburði eru fjarska mismunandi, þótt mennirnir séu greinagóðir og áreiðanlegir í alla staði. Þetta er margreynt.

Andavitránir og andaljósmyndir má því þurka út. Það er ekki annað en eintóm Katanesdir. Loddarabrellur og athugunarskekkja er þeirra eini stuðningur. Má ráða það þar af, að helstu miðlarnir, sem þeim atburðum stýrðu, hafa orðið uppvisir að svikum. Þó var einn miðill, Eusapia Paladino, er lengi vilti vísindamönnum sjónir í ýmsum löndum eftir þann tíma er Englendingar höfðu sýnt fram á athugunarskekkjuna. Var hún því um nokkur ár það vonarakkeri, sem andatrúin lá við, þótt vantrúarboðarnir risu ærið hátt. En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Árið 1895 varð hún yfirstigin í Cambridge, er öll aðferð hennar uppgötvaðist (Slade, sá er fór með Zöllner inn í 4. víðernið, játaði síðar meir, að hann hefði gint hann með loddaralistum.)

Þá var sterkasta stoð andatrúarmanna fallin. En ennþá voru þó margir kynlegir hlutir eftir, er enginn neitaði að fyrir kæmi. Þar er þá fyrst að nefna *borðdansinn* og þá ekki síður *miðilsgáfurnar*. Auðvitað er þá undanskilið það alt, sem er auðsjáanlega sprottið af athugunarskekkju. En það er alkunna, að þar af stafar mörg hjátrúin. Nefna má til dæmis, er menn sáu halastjörnur, sem voru eins og himneskur risaarmur með sverð í hendi og önnur vopn þakin höfðum dauðra manna. Annað er sæmunkurinn. En það þykir nú áreiðanlegt að það sé tíarmaður smokkfiskur. Svipaðar afleiðingar athugunarskekkjunnar koma auðvitað fram hjá andatrúarmönnum.

*Borðdansinn.* Það er kunnara en frá þurfi að segja að vér getum eigi rétt út arminn og haldið honum svo án titrings. En þótt vér styðjum niður gómunum og höfum handlegginn á lofti, þá megum vér eigi verjast titringi. Og þótt hann sjáist eigi, þá eru þó til verkfæri sem má mæla hann með (Palmograf, sfygmograf). Sýna þau að slíkur titringur á sér alt af stað, og er hann af ýmsum rökum runninn. En það er víst, að hann verður æ því meiri sem meiri og sterkari tilfinningar ráða skapinu, t. d. prófskjálfti. Nú er það kunnugt að barn getur hringt 1000 punda klukku, ef það kippir í sífellu í strenginn til sömu hliðar. Því að safnast þegar saman kemur, þótt hvert einstakt átak sé smátt. Eins verður borðinu, það fer á stað, þá er það hefur um nokkurn tíma orðið fyrir smáhristingi af handatitringi margra manna. – Þó er hér ónefndur einn aðalþáttur. Þá er vér hugsum um hreyfingu, þá eru samfara hugsuninni ósjálfráðar hreyfingar hjá oss. Verða þær eftir því meiri sem hugmyndin er ríkari í skapi voru (Carpenters ideomotoriske princip). Tökum blýkúlu í bandi og höldum henni í láréttum handlegg. Hún byrjar von bráðar að sveiflast fram og aftur. Haldi ég nú staf undir og segi þeim sem á heldur að kúlan sveiflist alt af eftir lengdarás stafsins, þá tekur kúlan brátt þessa stefnu. En ef ég tek svo járnstöng og held henni í sömu átt, en segi manninum að kúlan sveiflist jafnan þvert yfir járnstöngur, þá verður það svo innan skamms. Þetta er margreynt og sýnir að

*hreyfingarstefnunni ræður hugmyndin um einhverja ákveðna hreyfingu.* Vér höfum en aðrar ósjálfráðar hreyfingar samfara hugmyndum sem ekkert eiga skylt við hreyfingu en eru henni jafnan samfara. Til dæmis má nefna að vér getum orðið hásir af því að lesa með sjálfum oss eða hugsa. Er það fyrir þá sök að vér hugsum orðin og hreyfum um leið talfærin. Tilraunir hafa og sýnt að ósjálfráðar rithreyfingar kom fram í hendur mönnum, þá er þeir hugsa um eitthvert orð.

Af öllum þessum dæmum sést að vér erum sífellt í titringshreyfingum sem stafa af hjartaslaginu og fleiru og að vér auk þess getum hreyft oss í ákveðnar áttir og í ákveðnu augnamiði, án þess vér vitum af eða aðrir sjái. Það er nú auðskilið öllum mönnum að meira en þetta þarf eigi til að láta borðið dansa, berja og skrifa; og að þeir valda hreyfingunni og ráða henni, sem við borðið eru, þótt þeir hafi ekki sjálfir hugmynd um það. Þetta kemur víða fram. Eitt dæmi er óskagreinin. Einhver vill vita, hvar gott sé að grafa brunn. Fær hann þá til vatnsleitarmann. Sá tekur hesligrein og ber í hendinni og gengur svo um landið. Um síðir hreyfist greinin í hendi hans sjálfkrafa að honum finst. Þar er vitrun, en vatn undir og bráðlega brunnur. En auðvitað ályktar maðurinn að hér sé vatn undir og þá hreyfir hann ósjálfrátt kvistinn. Hann heldur að einhver yfirnáttúrleg vera svari spurningunni, en auðvitað talar hann um málið við sjálfan sig, spyr sjálfur og svarar sjálfur.

Sé enginn miðill við borðið, þá ræður enginn öðrum meir yfir hreyfingum þess. En þá eru öll svör óljós og vitlaus. Því að ef ég vil láta borðið segja nei eða berja eitt högg, þá verður mér ósjálfrátt að aftra því að það slái fleiri. En nú vill annar að það segi já, berji þrjú högg. Hann reynir ósjálfrátt að láta það halda áfram, en niðurstaðan verður sennilega tvö högg. En sé sá ráðríki miðill við, þá hefur hann mest vald yfir borðinu, og hans hugmyndir um hreyfing borðsins ráða svörum þess. Þá fær andinn málið.

Til skýringar á þessum ósjálfráðu hreyfingum, má geta þess að *huglestrarmenn* neyta þeirra til þess að lesa í hug manna. Ef þeir eiga t. a. m. að finna hlut sem ég hugsa mér, þá taka þeir í hönd mér og leiða mig að hlutnum, en það er þó í rauninni ég sem leiði þá að honum. Því að ég geri ýmist að halda aftur af þeim eða hotta á þá án þess ég viti, en þeir eru svo æfðir að finna slíkt að þeim nægir. Hugsanaskifti (viðhugsun) fer að líkindum þannig fram, að sá sem sendir talar ósjálfrátt orðtákn þeirrar hugsunar, sem hann vill senda, en hinn verður þess einhvernveginn var. Hér um hafa verið gerðar ítarlegar rannsóknir til þess að komast fyrir, hvort hér sé fundið dæmi upp á fjarverkun eða ekki. Tilraunirnar benda helst til að þetta hvíli á ósjálfráðum hreyfingum. Hjónin Sidgwick gerðu 1300 tilraunir með tvístöfuðum tölum. Einn maður sat og hugsaði töluna yfir í annars hug og hepnudust 18 tilraunir af hverju hundraði. Þó urðu þeir að vera í sama herbergi. En væri sinn í hverju herbergi þá hepnudust 9 af hundraði. En als ekki ef lengra var á milli.

Lehmann vildi nú reyna, hvort þetta gæti ekki verið heyrn. Tók hann og læknir einn F. C. C. Hansen tvo holspegla og settu þá upp svo að ásarnir voru hver annars áframhald. Nú er það vitað, að öll hljóð, sem fara frá brennidepli annars spegilsins, safnast í brennidepli hins. Þetta verður því meðal til að skerpa heyrnina, eins og dáleiðsla, en hollara. Nú hafði sá er hugsunina sendi munninn í öðrum brennideplinum en hinn eyrað í hinum. Nú sýndi það sig að þá er maðurinn hafði um stund hugsað sér töluna, þá gat hann ekki haldið málfærunum kyrrum, og þó að hann hefði aftur munninn, þá heyrði hinn samt óljós hljóð, sem hann gerði svo úr tölur. Af hverju hundraði var 33 sinnum rétt. Tilraunirnar voru 1000 í alt.

Eins atriðis verður að geta, er gerir sennilegt að hér sé um óljósa heyrn að ræða. Það er að í ensku tilraununum og í Lehmanns tilraununum voru það sömu töluorðin sem oftast mishepnuðust. En það sýnist vera að kenna samhljóðöndum. Gat það vel staðið heima þótt annar reyndi á ensku en hinn á dönsku, því að í þessum töluorðum eru sömu samhljóðendur í báðum málunum.

Hugsum oss nú að vér sitjum við borð og hefjum þar „viðræður við framlíðna“. Þá svarar miðillinn einhverju, sem ég einn get vitað. Er þá ekki skýringin hér: Ég hreyfi talfærin um leið og ég hugsa þetta, en heyrn miðilsins er miklu skarpari en hann á vanda til, af því að hann er í leiðslu.

Með titringnum og hugmynd um hreyfingarstefnu og þar með fylgjandi ósjálfráðum hreyfingum er nú skýrt það alt, sem í borðdansi gerist, svo að fullvitað sé. En ýmsir aðrir viðburðir, sem ekki er enn fullsannað að sé annað en röng eftirtekt, hljóta auðvitað að skýrast á sama hátt (þ. e. með þektum náttúrulögmálum), ef þeir reynast sannir. Skildi það reynast ómögulegt að skýra þá með þektum lögmálum, þá er fyrst að hefja leit eftir nýum kröftum eða nýum vinnubrögðum kraftanna. En að fara að eigna slíkt öndum, það er viðlíka mikil skýring eins og þegar ég segi til nafns míns með því, að ég heiti það sem ég var skírður. Því að sá er með öndum skírur verður fyrst að sanna að andar sé ekki annað nafn á vanþekkingunni.

*Miðilsgáfan.* Þá er að vita, hvort miðilsgáfunar eru eitthvað óþekt, eða hvort vér þekkjum samskonar hluti annarstaðar að. – Þá er vér sofum er eftirtekt vor engin og vér höfum enga viss vitandi stjórn á hugsunum vorum og hugsunarsamböndum. Meðvitundin verður því svo að segja jafnnæm á öll áhrif. En á daginn er hún næm á það, er vér beinum athygli vorri að, en daufheyrir við öðru að nokkru eða öllu leiti. En í svefni bægir hún þeim hlutum eigi frá þegar hún er engin orðin. Fyrir því kemur það oft í hug vorn í draumi, sem athyglin meinaði víst í vitund vorri að deginum. Óljós áhrif, sem gátu þá eigi vakið eftirtekt á sér, eru þá rakin upp aftur í svefninum og komast inn í vitund vora. En oss finst slíkt oft undri næst fyrir þá sök að vér munum eigi til þess að vér höfum orðið þeirra hluta varir áður. Sama kemur og fyrir um hugsanir og getgátur, sem flogið hafa oss í hug, en alveg gleymst. Verður slíkt oft til þess að vér

höldum draumana spásagnir. Hitt er og að vér erum djarfari til ályktana í draumi en í vöku af því að samanburð og yfirlit yfir hugsanirnar vantar. En þótt svo sé, verður þó hér sem oftast að kjöftugum ratast oft satt á munn. Þaðan er draumatrúin runnin.

Í sambandi við andatrúna er draumur eftirtektarverður á tvennan hátt: Draumvitund og leiðsluvitund (hypnose, trance) eiga sammerkt að því, að fram geta komið í vitund mannsins atriði, sem voru annaðhvort alveg gleymd vökuvitund hans eða höfðu aldrei komist inn í hana svo vart yrði, en hann þó orðið fyrir léttum áhrifum. Hitt er það, að fullar líkur er til að af draumum sé runnin öll trú á anda, hverju nafni sem þeir nefnast. Meðan reynsla barna er lítil halda þau að draumar sé viðburðir sannir og réttir. Eins var mannkynið á fyrsta þroskaskeiði sínu. Það kunni ekki að greina milli draums og vöku. Hugsum oss að í þá daga hafi maður einn borið af óvini sínum í blóðugum bardaga. En um nóttina dreymir hann að sá hinn sami óvinur sæki að sér. Honum fer þá líkt og oss, er oss dreymir drauga og forynjur, að vér megum oss hvergi hreyfa. Þá tekur hann að biðja óvin sinn að hlífa sér og hrekkur svo upp. Hann trúir því nú, að óvinur sinn lifi enn og sé nú máttugri orðinn, er ferðir hans eru eigi bundnar vanalegum lögmálum. Verður honum þá að reyna að mýkja reiði hans með bænum og fórnunum. En þetta er enginn hugarburður. Sönnun þess er fengin, því að sagan sýnir að fyrst tigna menn *illa* guði af *hræðslu*. En er menning vex, skapa menn sér góða guði, er vernda siðgæði og fagrar hugsjónir. Þegar villipjóðir horfa í spegil, þá verður þeim oft að orði: „Ég sé inn í andanna heim.“ Börnin leita á bak við spegilinn og allir kannast við manninn, sem sagði: „– og sæl verið þið nú þarna hinu megin“. Sýnir þetta alt, hversu fáfróðir menn misskilja eðlilega hluti og halda að þar búi eitthvað dularfult undir, helst andar:

Sbr. *Harald Höfðing*, *Psykologi*, Kh. 1892, bls. 7–8 og 303, og

*Herder*: *Stimmen der Völker in Liedern* (Zanhar og Niang):

Zanhar og Niang hafa skapað heiminn.

Vor bæn skal ekki Zanhar send til þín.

Hví skildum vér hinn góða guðinn biðja?

*En Niangs heiftir hljótum vér að mýkja.*

Ég talaði um áðan að leiðsluvitund ætti sammerkt við draumvitund að því leyti, að hún yrði vör gleymdra hluta og óljósra varurða. En auk þess á hún það sammerkt við draumvitundina, að hin sjálfráða eftirtekt getur sljófgast og leiðslan því orðið *vakandi draumur* og er hið fyrnefnda afleiðing af þessu eðli leiðslunnar. En auk þessa getur eftirtekt manna í leiðslu beinst eingöngu í eina átt, en sofnað að öðru leyti. T. d. má svæfa öll skilningarvit nema eitt, en þá verður það og miklu næmara. En þótt mikill munur sé á manni í djúpu dái og alvakandi

manni, þá er þó jafnan sama lögmálið í meðvitund manna, sem mestu ræður í dáinu. Það er taumfýsin eða leiðitemin. Á útlendum tungum nefnist sá eiginleiki nöfnum, sem dregin eru af latnesku orði, suggestibilitas, og er í því fölginn, að vér breytum þrátt og oft eftir áhrifum frá öðrum, sem eru með ýmsu móti, t. d. fyrirmynd, orð. Þetta mætti nefna *utanboð*, er vér hlýðum. Þess eru dæmi að í þorpi einu var glæsímenni og góður drykkjubróðir í embætti og innan skamms höfðu allir í bænum sama göngulag og hann. Sama sést oft á skrifstofuþjónum að þeir líkjast húsbóndanum. Er það og kunnugt hér á landi sem sjá má á málshættinum: hver dregur dóm af sínum sessunaut. Hitt er nú alkunna orðin að dáleiddir menn hlíða utanboðum. En þó má vel vera að mönnum þyki ólíklegt að heil samkoma hafi þá taumfýsi, að láta einn mann teygja sig. Þetta er þó margsannað. Eitt smáskrítið dæmi þess nefnir Lehmann: „Í Englandi var sællífur oftrúarmaður, er hét Henry James Price. Hann hafði náð miklu valdi yfir kvenfólki í söfnuði sínum. Stofnsetti hann „Kærleiksbæ“ og gekk þar í eina sæng með fallettri stúlku, Patterson, um hábjartan dag og í viðurvist als safnaðarins. En fyrirfram boðaði hann, „að hann mundi af guðs náð taka sér yngismey til konu, ekki með ótta og blygðun á afskektum stað og fyrir læstum dyrum heldur í dagsbirtunni og í viðurvist allra heilagra af báðum kynjum. Þetta væri guðs vilji og hann mundi engan þar um spyrja allra síst þá útvöldu. Hann segði eigi, hverja hann mundi taka. Yrðu því yngismeyarnar að vera við því búnar, að brúðguminn kæmi. Fyrst mundi hann innsigla hana með kossi, en síðan faðma hana og ganga í rekkju með henni, svo að hinn himneski andi og hinir líkamlegu hlutir mættu renna saman og verða framvegis að einu“. Þessi óheyrða athöfn var síðan framin. Geta menn af þessu séð, hve miklu valdi menn geta náð á hugum manna. En slík taumfýsi er þó meiri en vér sjáum daglega. Enda er trúin eitt af því, sem mest eykur taumfýsina. Slíkt hið sama gerir hræðsla, hjátrú og öll eftirvænting. Það eru því eigi utanboðin ein sem vér látum teyma oss, heldur einnig *innanboð* komin úr okkar eigin hugskoti, sprottin af hjátrú, hræðslu, kvíða eða eftirvæntingu. Ef ég dáleiddi mann get ég látið hann sjá allra handa ofsjónir. En ég get líka sjálfur séð ofsjónir eftir mínu eigin innanboði. Þar er skýringin á því, er stór hópur manna sér sömu ofsjónirnar. Þegar helgir menn ráku út djöfla úr sjúkum mönnum, þá var það altítt, að viðstaddir menn sæu djöflana skjótast út úr sjúklingnum og út um skráargatið eða upp um strompinn. En nú á dögum hafa geðveikislæknar þessa sjúklinga undir höndum, og er mönnum kunnugt að þeir verða engra djöfla varir. Það er nefnilega trúin, sem skapar djöflana. Galdrabrennutíminn veitir svo mikinn aragrúa af sönnunum fyrir ofsjónum af taumfýsinnar rótum, eftir utan- eða innanboðum að enginn endist að telja. Og það er jafnvíst að þá hefði hver maður trúað sögunum um ljósmyndir af öndum og kyssilega kvenanda eins og hitt að þeir hefðu allir verið brendir í hrúgu, sem við þú hluti fást. Hér er eitt dæmi þess, hversu skynsemi manna var haldin í þá daga: Í bæ einum Lindheim voru segs konur sakaðar um að hafa grafið upp nýdáið barn og haft í töfrasmýrsl. Þær meðganga. En maður einnar þeirra gat þó komið því til leiðar að leitað var í gröfinni. Þar lá barnið óskaddað í kistunni. En

kvalarannsóknarinn hélt því fram, að líkið í kistunni væri sjónarvilla af djöfulsins völdum og dómariinn yrði að byggja á játningu kvennanna, en ekki treysta skilningarvitum sínum.

*Miðilsgáfan* er ekki annað en taumfýsi. Þar eru því öll þau sömu öfl að starfi, sem nefnd voru hér að framan. Andatrúarmenn sjá auðvitað oft ofsjónir á sama hátt og menn á miðöldunum, og er það ekkert undur ef þeir eru sterktrúaðir á að málþráður eða réttara sagt málborð sé til milli lifandi og dauðra manna, en annars lítt mentaðir. Hitt er undarlegra, ef góðir vísindamenn þykjast sjá einhver stórundur við þessar tilraunir. En ef einhver efnafræðingur eða stjórnufræðingur eða andafræðingur segir mér að hann hafi kyst anda og talið í honum hjartaslögin, þá bið ég hann að koma með þann anda til mín. Því að ef sá framliðni getur íklæðst holdi, þá hlýtur hann að geta talað við mig eins og aðra. Og þótt ég sé ekki kossakær, þá hefði ég þó gaman af að hafa slíkan koss til raups. En hvað sem hver segir hér um, þá held ég mig að því sem kveðið var: „– en englameyjar eru held ég alt of saklausar“. Ég ber og það traust til gáfaðra anda að þeir mundu velja viturlegri veg til viðtals við mig en krjábull með borðfæti, ef þeir væru svo máttugir sem andatrúarmenn halda. Ég mundi heldur kjósa Jón Sigurðsson aldaða, en að halda að honum hefði farið svo aftur hinumegin að hann hefði nú eigi verks vit.

Þótt hér sé ærinn auður þeirra hluta er andann gera snauðan þá ber ég þó enn það traust til Íslendinga, að þeir fari ekki að fóstora neinn hjálpræðisher til viðhalds þessari andatrú, heldur láti sér nægja þær blindra manna bænir og heilagleikagort, sem fyrir er. *Mega menn því trúá, að holdtekja anda og ljósmyndir eru annaðhvort svik eða jafngreinilegar ofsjónir og djöflarnir, sem hlupu út úr munni manna og út um túður til að fordást grallarasöng. Og enn að svör borðsins eru öll úr vitund miðilsins, hvort sem hann er í leiðslu eða ekki, og að lokum að allar líkur mæla með því, að aldrei komi svar, sem heimtar þekkingu, er hann hefur aldrei haft.* Þó virðist oft sem svo sé, en það liggur í hlutarins eðli að slíkt er lítt sannandi. Því að í leiðslu koma mönnum löngu gleymdir hlutir í hug og jafnvel þeir sem aðeins hafa gægst inn um dyr meðvitundarinnar. En væri það nú vitað, að svarið hefði aldrei áður verið í hans hug, þá er að vita, hvort einhver af hinum hefur eigi gefið honum vitneskju um það með þeim ósjálfráðu hreyfingum talfæranna, sem fyr var getið. En leiðslan er heyrnarauki engu síður en holspeglarnir. Væri nú enn vitað að þetta hefði ekki verið og eigi fyndist nein skýring, þá væri fyrst ástæða til að gera leit að fjarverkun eða öðrum lítt eða óþektum öflum í sál manna. Sálarfræðin mundi græða mjög mikið á ítarlegri og skynsamlegri rannsókn á þessum hlutum. En til slíkrar rannsóknar duga eigi þeir menn, er trúá því staðfastlega að hér sé um anda að ræða eða aðra ónáttúrlega hluti. Því að þeir eru komnir inn í skýli vanþekkingarinnar áður en þeir hefja rannsókn sína og hverfa þaðan trauðla. En skýli vanþekkingarinnar (asylum ignorantiae) kalla menn það, er rannsóknarinn grípur til kraftaverka jafnskjótt sem hann verður var nokkurra torskildra hluta.



En ef þér sjáið mig hér eftir koma úr kirkjugarðinum með andakörfu á handleggnum, háttvirtu áheyrendur, þá ætla ég að biðja yður að hnippa í mig.